

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur	Dagsetning:	4. des. 2023	Tími: 12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og TEAMS		
Fundarstjóri:	HÞ		
Ritari:	AS		
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Helga Þórisdóttir (HÞ), Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ), Ingileif Oddsdóttir (IO), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermansdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins		
Fjarverandi::	Elfa Ýr Gylfadóttir (EÝG)		

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 4. desember 2023

### 1. Fundargerð stjórnarfundar 6. nóvember 2023

Fundargerð stjórnarfundar 6. nóvember síðastliðinn var samþykkt.

### 2. Samanburður/úttekt á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna á Íslandi og Noregi, Danmörku og Svíþjóð

HÞ gerði grein fyrir stöðu málsins og fundi hennar og AH í lok nóvember með Trausta Fannari Valssyni, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, en hann hefur samþykkt að taka að sér verkefnið. Hann gerir ráð fyrir að hefja vinnuna síðar í mánuðinum.

### 3. Önnur áherslumál stjórnar 2023-2024

Farið yfir þau atriði sem stjórn áformar að leggja áherslu á starfsárið 2023-2024 og verið hafa til umræðu innan stjórnarinnar. Sem fyrr taka þau mið af tilgangi félagsins samkvæmt lögum um félagið. Má þar nefna félags- og fræðslustarf, starfsumhverfis- og kjaramál og stuðning við forstöðumenn.

### 4. Félagsstarfið eftir áramót

Umræður um félagsstarfið á komandi ári og hvernig best megi hvetja félagsmenn til þátttöku. Ýmsar hugmyndir ræddar, m.a. um form funda og efni þeirra.

## 5. Samráðsfundur FFR og KMR

Samráðsfundur verður í kjölfar stjórnarfundarins og ýmislegt sem stjórnarmenn vilja ræða á þeim vettvangi. Má þar nefna stöðuna á endurmati á grunnmati starfa forstöðumanna í ljósi þess að fjármálaráðherra hefur ákveðið að áfrýja niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3006/2016, en dómurinn viðurkenndi rétt forstöðumanna til rökstuðnings fjármálaráðherra fyrir ákvörðun um starfskjör og til aðgangs að skriflegum gögnum er ákvörðunina varða.

## 6. Önnur mál

Ákveðið að festa stjórnarfundum fram til vors í hádeginu fyrsta mánudag hvers mánaðar.